

Skipulagsstofnun  
Þóroddur F. Þóroddsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 15. mars 2010  
Tilvísun: UST20100200172/bs

### Dettifossvegur (862), breyting á tengingum að Hólmatungum og Vesturdal/Hljóðaklettur. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. febrúar sl. þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Hér er vikið að nokkru leyti frá þeim hugmyndum um ofangreindar vegtengingar sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum Dettifossvegar. Að ósk Vatnajökulspjóðgarðs verður vikið nokkuð frá upphaflegum hugmyndum sem fólust í endurbyggingu núverandi tenginga. Í stað endurbyggingar verður nýlagning vega tæplega 3 km. Ráðgert er að viðhafa sama verklag við veglagninguna, þ.e. vegir verða lítið upphækkaðir og með 40-50 km hámarkshraða.


Umhverfisstofnun telur að hlífa eigi gróðurlendi á fyrirhuguðu vegstæði eins og kostur er. Gróðurframvinda á sambærilegum svæðum sem raskað hefur verið vegna framkvæmda virðist vera ákaflega hæg og má ætla að slík endurheimt geti tekið áratugi. Því telur Umhverfisstofnun að minnka eigi skeringar eins og kostur er þar sem vegurinn liggur um algróið land. Fremur ætti að byggja veginn úr efni sem sótt verður í námur fremur en úr skeringum. Leggja ætti áherslu á að nýta torfur úr vegstæði til frágangs á vegsvæði og aflögðum köflum núverandi vegar.

Hér er um frekar lítið mannvirki að ræða. Þegar hefur verið fjallað um mjög áþekk mannvirki í mati á umhverfisáhrifum Dettifossvegar. Neikvæð áhrif á gróður verða að áliti Umhverfisstofnunar helstu neikvæð áhrif framkvæmdarinnar. Draga má verulega úr þessum áhrifum með minni skeringum með veginum.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Björn Stefánsson

  
Olafur A. Jónsson  
Deildarstjóri